



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnar Grímssonar
við upphaf útsendingar á Lífæðinni,
vestfirskri útvarpsstöð
í Bolungarvík
8. desember 2010**

*Ávarpið var flutt blaðlaust.
Endurrit af upptöku.*

Það er ánægjulegt að ávarpa Vestfirðinga með hjálp Lífæðarinnar héðan frá Bessastöðum og taka þátt í því að ýta þessu skemmtilega framtaki úr vör, fagna miðli sem vonandi sameinar Vestfirðinga og verður bæði til gagns og gleði.

Það er margs að minnast þegar Vestfirðingar ræða saman og kannski er efst í huga okkar allra þegar við horfum yfir árið sem senn er á enda hinn merki viðburður þegar göngin voru opnuð, sú alþýðuhátíð sem gaman var að taka þátt í. Hún sýndi svo sannarlega samstöðuna, kraftinn sem býr í Vestfirðingum en um leið minnti hún okkur á að baráttan hefur oft verið hörð á fyrri tíð. Þótt okkur finnist stundum lítið hafa miðað þá eru þau göng sem nú eru á Vestfjörðum og tengja Bolungarvík og Ísafjörð og Suðureyri og Flateyri og Þingeyri og Dýrafjörðinn saman í eina heild vitnisburður um hvað vel hefur tekist þrátt fyrir erfiða hjalla á undanförnum árum og áratugum.

Margt hefur breyst frá því að ég var ungur fyrir vestan og vegirnir lokuðust í október og opnuðust ekki aftur fyrr en í júní; ekki var hægt að komast milli fjarðanna nema á skipum. Ég held að ég hafi verið níu ára og átti að fara frá Þingeyri fyrir jólin til Ísafjarðar; eina leiðin var að vera fluttur á trillu um hánótt út í mynni Dýrafjarðar í slæmu veðri og bíða þar klukkutímum saman eftir togaranum sem sigldi framhjá fjarðarmynninu. Ég var hífður níu ára upp í togarann til að komast til Ísafjarðar fyrir jólin; minningar sem ég geymi með mér en eru líka hjá mér og okkur öllum vitnisburður um að Vestfirðir hafa alltaf verið og eru enn á vissan hátt heimur í hnotskurn. Hljómkviður lífsins hafa alltaf verið sterkar og rismiklar fyrir vestan hvort heldur er í gleði eða í sorgum. Baráttan við

veturinn og úfinn sæ hefur oft verið dýrkeypt en líka fært Vestfirðingum björg í bú.

Við sem höfum dvalið þorra ævinnar annars staðar vitum vel að það voru náttúruöflin og mannlífið fyrir vestan sem agaði okkur og styrkti og hafa verið með í för hvert svo sem við höfum farið.

Þessi veruleiki sem lifir með okkur, hinn vestfirski veruleiki, hann er gott veganesti. Það var þannig í mínum foreldrahúsum, jafnvel eftir að við vorum komin suður, að það var lítill greinarmunur gerður á Vestfjörðum nútíðar eða fortíðar eða Vestfirðingum hvar sem þeir bjuggu. Fólki og frásagnir runnu ætíð saman í eina veröld sem fylgt hefur mér og öðrum alla ævi. Í því mikla leikriti lífsins gengu þeir fram á sviðið kaupmaðurinn og kennarinn, skáldið og skattstjórinn, skóarinn og skraddarinn, rakarinn og rækjuforstjórinn og allt það góða fólk sem bjó fyrir vestan. Ég hef stundum velt því fyrir mér hvað var nú satt og hvað kannski skreytt í þessari litríku mannlífslýsingu. Það varð smátt og smátt aukaatriði vegna þess að veruleikinn og goðsögnin runnu saman í eina samfellda mynd af Vestfjörðum og mannlífinu fyrir vestan.

Vissulega hafa skeið framfara og erfiðleika skipst á í vestfirskum byggðum eins og reyndar í öllum landshlutum Íslands. Nú um þessar mundir, þrátt fyrir göngin og góða áfanga, velta menn fyrir sér framtíðinni og efast um möguleika Vestfjarða í samkeppni við aðdráttaröfl, umsvifin og fjölbreytileikann á höfuðborgarsvæðinu. Þá er hollt að hafa í huga allt það sem tekist hefur á undanförunum áratugum, hve gjörbreytt mynd Vestfjarða er í dag, tækifærin meiri og fjölþættari en þau voru þegar við vorum að alast upp. Það eru ekki bara göngin sem eru til vitnis um það, það er líka byggðin öll, mannlífið, menntastofnanirnar, skólarnir, hin nýju svæði, sjúkrahúsið á Ísafirði, menntaskólinn, hótelið, stjórnarsýsluhúsið, endurgerð gamalla minja; þannig mætti lengi telja.

Það er skemmtilegt að á þessu ári sem senn er á enda og árinu í fyrra hafa Íslendingar smátt og smátt verið að uppgötva Vestfirði, byggðina sem var fyrir aðra landsmenn eins konar leyndarmál. Nú eru æ fleiri sem sækja vestur og kynna sér mannlífið og menninguna, atvinnulífið, fjallasýnina, sjá hvernig hver og einn fjörður hefur sinn eigin blæ, hve fjölbreytileikinn er óendanlegur og upplifunin einstök.

Fyrir nokkrum árum vorum við Dorrit á siglingadögum á Ísafirði. Þá áttu menn sér þann draum að fá skemmtiferðaskip til að koma til Ísafjarðar. Það var árið sem Dorrit var á sjóskíðum á Pollinum og einhverjir héldu að það hefði verið áhættuleikari en ekki hún sjálf sem renndi sér á skíðunum á spegilsléttum Pollinum, en það var nú reyndar hún sjálf. Þá ræddu menn um það sem framtíðardraum að fá skemmtiferðarskip til Ísafjarðar og Vestfjarðanna. Á liðnu sumri minnir

mig að þau hafi verið þrjátíu talsins. Þannig getum við lengi talið, breytingar, framfarir og þáttaskil sem orðið hafa, þó reyndar breytist sumt ekki.

Til vitnis um það, þó það sé kannski ekki kjarnaatriði í vestfirsku líffi, og þó, Napóleonskökurnar í Gamla bakaríinu á Ísafirði. Þær eru enn í minningunni og voru mikið lostæti. Fyrsta desember síðastliðinn, á fullveldisdaginn, þegar ég bauð Alþingi hingað til Bessastaða þá komu hingað suður frá Gamla bakaríinu á Ísafirði Napóleonskökurnar frægu og ég bauð alþingismönnum þær við miklar vinsældir, sérstaklega þeirra sem ekki höfðu notið þess eins og við Vestfirðingar að fá kynnst þessu góðgæti sem fylgt hefur Ísafirði í meir en hálfa öld. Við sögðum sumir sem ólumst upp fyrir vestan að þrátt fyrir allar breytingarnar og þrátt fyrir allt sem gerst hefur þá væri gaman að geta komið aftur vestur seint á ævinni og gengið inn í bakaríið og fengið kringlurnar og Napóleonskökurnar sem við fengum þegar við vorum ung fyrir vestan.

Þannig gætum við sjálfsagt lengi á þessari ágætu útvarpsstöð haldið áfram að rifja upp minningar okkar allra og ég vona að þið gerið það á næstu vikum, fram á nýtt ár, nýtið þannig tæknina, upplýsingatæknibyltinguna til þess að efla samstöðuna á Vestfjörðum, auka skilninginn á mönnum og málefnum. Eitt af því sem er ánægjulegt á þessari nýju öld er að hver byggð getur eignast sinn eigin fjölmiðil og reyndar hvert heimili í gegnum netið líka sinn eigin fjölmiðil. Þannig getum við talað saman á annan hátt en hægt var fyrrum.

Ég óska ykkur í Lífæðinni alls hins besta með þessa skemmtilegu útvarpsstöð, verst að hún næst ekki hérna á Bessastöðum en kannski getið þið tekið upp á diska úrval og sent mér og öðrum Vestfirðingum eins og við fáum Bæjarins besta, erum áskrifendur að því, og fylgjumst þannig með því sem er að gerast fyrir vestan.

Að svo mæltu óska ég ykkur alls hins besta og færi ykkur kærar kveðjur héðan frá Bessastöðum; óska ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári og vona að hið nýja ár verði Vestfirðingum og okkur öllum til blessunar.